

**Þingsályktun**

**um notkun steinsteypu til slitlagsgerðar.**

Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að láta kanna möguleika á aukinni notkun steinsteypu til slitlagsgerðar á vegum þar sem álagssumferð er mikil og við flugvallagerð. Könnunin nái til nýlagningar og endurnýjunar slitlags og verði lokið á árinu 1997.

*Samþykkt á Alþingi 4. júní 1996.*

